

## FRÁSÖGN

af áttunda fundi sameiginlegrar þingmannanefndar Íslands og Evrópusambandsins  
í Hörpu 25. mars 2014

Áttundi fundur sameiginlegrar þingmannanefndar Íslands og Evrópusambandsins fór fram í tónlistar- og ráðstefnuhúsinu Hörpu. Af hálfu sendinefndar Alþingis gagnvart hinni sameiginlegu nefnd sóttu fundinn Guðlaugur Þór Þórðarson, formaður, Árni Páll Árnason, Birgir Ármannsson, Birgitta Jónsdóttir, Bjarkey Gunnarsdóttir, Óttarr Proppé, Silja Dögg Gunnarsdóttir, Vilhjálmur Bjarnason og Willum Þór Þórsson. Fyrir hönd Evrópuþingsins sátu fundinn þingmennirnir Pat the Cope Gallagher, formaður, Zuzana Brzobohatá og Catherine Stihler.

Fundinum stýrðu Guðlaugur Þór Þórðarson og Pat the Cope Gallagher, sem sinna sameiginlega formennsku í nefndinni. Í upphafi fundar lýsti Guðlaugur Þór þróun undanfarinna vikna, m.a. tillögu utanríkisráðherra um að draga til baka umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu og samþykkt ríkisstjórnar Íslands á nýrri Evrópustefnu. Hann áréttaði að auk þess að ræða stöðu aðildarviðræðna Íslands og ESB hefði þingmannanefndin einnig verið mikilvægur samráðsvettvangur um önnur mál í samskiptum Íslands og Evrópusambandsins. Nefndin hefði þannig ítrekað fjallað um mál eins og makríldeiluna, norðurslóðamál, viðbrögð við fjármálakreppunni, sjávarútvegsstefnu Íslands og ESB, málefni tengd EES og græna hagkerfið.

Undir sérstökum dagskrárlið fundarins var rætt um samskipti Íslands og ESB í ljósi yfirstandandi umsóknar- og aðildarviðræðuferlis. Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra, Antonios Vlavianos, fulltrúi grísku formennskunnar í ráðherraráði ESB, og Thomas Hagleitner, fulltrúi framkvæmdastjórnar ESB, fluttu ávörp.

Gunnar Bragi Sveinsson sagði að afstaða hans og ríkisstjórnarinnar ætti ekki að koma á óvart. Eina leiðin fram á við væri að draga umsóknina til baka. Umsóknarferlið sjálft væri skipulagt á þann veg að umsóknarríkið væri undir stöðugum þrýstingi. Sum ríki hefðu notað ferlið til framgangs eigin hagsmunamálum, svo sem vegna makríls. Skýrleika vantaði um ferlið og framgang þess. Ekki væri rétt að skilja ESB eftir í óljósri stöðu. Því væri rétt að segja skilið við aðildarumsóknina. Gunnar Bragi tók fram að þar með væri Ísland ekki að segja skilið við Evrópu. Nú fögnuðum við 20 ára afmæli EES-samningsins sem þjónaði tilgangi sínum og væri afar mikilvægur fyrir atvinnulífið.

Antonios Vlavianos ræddi um mikilvæg samskipti við Ísland sem hefði tekið virkan þátt í innri markaðnum í 20 ár. Hann vísaði til annarra atriða og nefndi norðurslóðir sem dæmi, þar sem Evrópusambandið ásamt Íslandi hefði hlutverki að gegna. Hann kvað formennsku Grikkja í ráðherraráði ESB hafa tekið tilhlýðilegt mið af ákvörðun ríkisstjórnar Íslands um að leggja fram tillögu um afturköllun á Alþingi. Sanngjarnt væri að segja að ákvörðun um framtíðarsamband við Evrópusambandið lægi alfarið hjá Íslandi.

Thomas Hagleitner sagði framkvæmdastjórn ESB fylgjast mjög náið með framvindunni og umræðum á Íslandi. Hann vísaði til skýrslu frá aðilum vinnumarkaðarins sem væntanleg væri á næstu dögum. Hagleitner ræddi næst um uppsögn samninga um IPA-verkefni sem hann sagði hafa verið ákveðna í ljósi ákvörðunar ríkisstjórnar Íslands um að gera hlé á aðildarviðræðum. Nú væri minnst stækkunar ESB og EES árið 2004, enda væru þau skref mikilvægt framlag til stöðugleika og framfara í Evrópu. Þetta væru raunveruleg dæmi um hlutverk samstarfsins. Að lokum sagði fulltrúi framkvæmdastjórnar ESB að ákvörðun, um hvort og hvernig umsóknin yrði meðhöndluð væri alfarið ákvörðun íslenskra stjórnvalda. Ísland yrði eftir sem áður mikilvægur samstarfsaðili í ljósi EES- og Schengen-aðildar.

Í umræðum sem fylgdu framsögunum gerðu Árni Páll Arnason, Birgitta Jónsdóttir og Óttarr Proppé athugasemdir við stefnubreytingu ríkisstjórnarinnar frá loforðum fyrir kosningar. Árni Páll sagði ríkisstjórnina skorta bæði umboð og röksemdir fyrir stefnubreytingu sinni, Birgitta spurði utanríkisráðherra hvers vegna þessi flýtir væri í málinu og hvað réttlætti hann, og Óttarr sagði viðbrögð samfélagsins við tillögu ríkisstjórnarinnar hafa verið ótrúleg en með tillögunni hefði aðildarumsóknin kyrfilega verið sett á borð stjórnmalanna. Evrópuþingmaðurinn Pat the Cope Gallagher sagðist í fimm ár hafa vonað að umsóknin yrði látin halda áfram svo menn sæju niðurstöðu og fengju afstöðu elsta þings Evrópu. Hann kvaðst ánægður með þá stefnu ríkisstjórnarinnar að styrkja EES, en samkvæmt EFTA stæði Ísland sig nú verst við innleiðingu og að 60% allra eftirgrennslana EFTA snéru að Íslandi.

Utanríkisráðherra benti á að tillaga um umsóknarferlið væri nú í höndum utanríkismálanefndar. Ef flýtir hefði verið í málinu sagði hann að það hefði verið afgreitt síðasta sumar. Hann skildi fullkomlega af hverju Úkraína vildi vinna með ESB eða gerast meðlimur þar, en það breytti ekki skoðun hans að Ísland ætti ekki að ganga þar inn. Fór hann yfir mikið samstarf Íslands við Evrópu. Íslensk stjórnvöld væru að vinna í áætlun um hvernig þau gætu gert betur við að uppfylla sína hlið EES-samningsins. Birgir Ármannsson lýsti meðferð utanríkismálanefndar á þremur þingmálum er vörðuðu ESB-aðildarumsóknarferlið.

Guðlaugur Þór spurði fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar hvort mögulegt væri að gerast aðildarríki ESB án þess að eiga aðild að sameiginlegri sjávarútvegs- og landbúnaðarstefnu ESB. Thomas Hagleitner sagði reglur ESB gilda á sviði sjávarútvegs- og landbúnaðarmála sem hentaði öllum 28 aðildarríkjum ESB. Það gæti þurft sérstaka útfærslu vegna Íslands, eins og hefði verið staðan til þessa. Við þyrftum að sjá hver staðan yrði ef og þegar að því kæmi. Hann sagði að ef umsókninni yrði haldið eins og hún væri, yrði auðveldara að halda áfram síðar. Ef íslensk stjórnvöld ákvæðu að afturkalla hana þyrfti að leysa upp aðildarráðstefnuna sem nú væri í biðstöðu. Ekkert bannaði að sækja aftur um. Ferlið við nýja umsókn yrði hins vegar talsvert öðruvísi miðað við það að halda þessari áfram, þar sem frá var horfið.

Evrópuþingmaðurinn Zuzana Brzobohatá fór yfir þróun efnahagsmála og bar saman Ísland og Írland sem fóru ólíkar leiðir. Hún taldi Ísland hafa valið betri leið með því, skv. hennar orðum, að láta bankana fara í þrot og nýta fjármagnið til að greiða niður aðrar skuldir, á meðan írska ríkið tók á sig skuldbindingar bankanna. Willum Þór Þórsson ræddi um jákvæðar breytingar í efnahagslífinu á Íslandi. Mikilvægasta verkefnið væri að leggja niður gjaldeyrishöftin.

Sjávarútvegsmál voru sérstakur dagskrárliður og flutti Guðlaugur Þór framsögu um stöðu makrílmálsins, m.a. samningafundi og þríhliða makrílsamning ESB, Færeyja og Noregs. Evrópuþingmaðurinn Gallagher sagði strandríkin þurfa að gæta fiskveiðiauðlindarinnar en ekkert ríkjanna hefði lært sína lexíu. Hann kvaðst vona að sama stæða kæmi ekki upp með kolmunna innan skamms. Gallagher spurði um Grænland og hvernig Ísland gæti réttlætt tilraunaveiðar þar upp á 100.000 tonn. Einnig hvort Grænendingar hefðu bolmagn til slíkra veiða og vinnslu, þegar reynslan kenndi að aflamark tilraunaveiða væri margfaldað með allt að fimm þegar kæmi að aflamarki raunverulegra veiða. Vilhjálmur Bjarnason sagðist telja Grænendinga í fullum rétti til að úthluta sér kvóta til veiða á makrílstofninum.

Birgir Ármannsson hafði framsögu um málefni norðurslóða og nefndi til sögunnar ýmis samstarfsverkefni á þeim vettvangi. Evrópuþingmaðurinn Catherine Stihler sagði ESB hafa fjárfest fyrir um 1 milljarð evra í verkefnum á norðurslóðum. ESB teldi áheyrnarstöðu sína í Norðurskautsráðinu afar mikilvæga. Evrópuþingið hefði nýlega ályktað um norðurslóðamál þar sem m.a. væri fjallað sérstaklega um samstarfið við Ísland.

Um framtíð sameiginlegu þingmannanefndarinnar var ákveðið að hún skyldi eftirleiðis hittast einu sinni á ári, en að forminu skyldi haldið óbreyttu.

Undir önnur mál var nýlegur fríverslunarsamningur Íslands við Kína ræddur.

Níundi fundur sameiginlegrar þingmannanefndar Íslands og Evrópusambandsins verður ákveðinn að loknum kosningum til Evrópuþingsins í maí 2014, en hann verður haldinn í Evrópuþinginu í Brussel árið 2015.